

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr.19/1940 (afnám banns við klámi), 33.mál
Femínistafélag Háskóla Íslands 6.des 2022**

Íslensk lög um klám hafa staðið að mestu leyti óbreytt í meira en 150 ár en viðhorf og umræða um kynhneigð, kynfrelsi og kynlíf hafa breyst.

Við fögnum þessu skrefi sem frumvarpið tekur í átt að umbótum og vonum að þetta sé skref að nútímalegri og nákvæmari lögum um núverandi samfélag.

Þessi hegningarlög ættu að snúast um að vernda samfélagið í heild en ekki að lítillækka fólk sem starfar innan kynlífsiðnaðarins. Breytingar eins og þetta frumvarp vinnur að er nauðsynlegt til að senda skýr skilaboð um að uppfæra þurfi reglurnar til að aðlagast nútímasamfélagi.

Það sem þessi gömlu lög og þeirra orðalag gera er að brengla viðhorf almennings til kynlífs, kynfrelsis og kynverundar.

Þar sem refsheimild í 210 gr.a nær utan um öll þau tilvik meðferðar barnakláms er ekki ástæða til þess að halda lögnum í heild sinni líkt og frumvarpið bendir á.

Engin aukin hætta er fyrir börn þó þessi hluti lagana verði felldur úr gildi. Þetta bann við klámi mun ekki stöðva neyslu heldur eingöngu glæpavæða kynfrelsi.

Þar sem eingöngu er verið að tala um efni sem skaðar ekki aðra eða þjóðfélagið í heild, heldur lög sem voru á sínum tíma talin nauðsynleg, en er í

nútímasamfélagi tímaskekkja, þarf að endurskoða þau með gagnrýnum augum.

Það er fáránlegt að verið sé að glæpavæða háttsemi eins og Onlyfans (sem frumvarpið minnst á) þar sem fólk birtir með samþykki sínu efni af sér sjálfum.

Greinin er einnig úrelt að því leyti að klám í nútíma skilningi er ekki afhent á þann hátt sem orðalagið bendir til í gömlu lögnum, en það er miðað við þann raunveruleika sem var til staðar 1940, þegar lögín voru sett.

Okkur finnst að frekar ætti nefndin að beina athygli sinni að leggja fram skýrari og strangar reglur um hefndarklám og dreifingu efnis án samþykkis og þolendum þess og afleiðingum.

Mikilvægt er að hafa lög og reglur um þetta málefni en það þarf að standast kröfur nútímasamfélags. Okkur í Femínistafélagi Háskóla Íslands finnst ekki raunsætt að halda þessum úreltu reglum en viljum á sama tíma leggja áherslu á mikilvægi skýrara laga sem eru í takt við nútímann, og breytingarnar sem orðið hafa á seinustu 150 árum. Nauðsynlegt er að vernda börn og raunveruleg fórnarlömb en ekki gera fólk innan klámiðnaðarins að glæpafólki eða annars flokks borgurum. Því erum við ánægð með að tillagan taki fram að haldið sé í þau

lög sem eru nú þegar til staðar um börn. Ekki ætti að vera refsivert að sjálfráða einstaklingar taki ákvörðun sjálfir um dreifingu á efni af sjálfu sér.

